



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. 4 starfsárið 2011 - 2012

Fundur var haldinn í stjórn SSA mánud. 12. des. 2011. Hófst kl. 13:00 Fundarstaður: Fundarsalur AFLs á Egilsstöðum.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson (í símasamb.), Arnbjörg Sveinsdóttir, Þórunn Egilsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Jón Björn Hákonarson, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson. Auk þess sat fundinn Björn Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA og ritaði hann fundargerð. Valdimar stýrði fundi.

1. Fundargerðir SSA og ýmis verkefni, er tengjast starfi SSA:

- a) Stjórnarfundur 22. nóv. 2011.
Fundargerðin staðfest.
- b) AST. Staða mála.
Arnbjörg Sveinsdóttir situr í framkvæmdanefnd um verkefnið „AST“. Stefán Bogi Sveinsson og Valdimar O. Hermannsson ásamt henni í verkefnastjórn. Gerðu þau grein fyrir starfi um verkefnið AST, sem miðar að því að samhæfa og eftir atvikum sameina sem mest undir einum hatti starf austfirzkra stofnanna. M.a. kom eftirf. fram:
 - i) Unnið er að frágangi skipulagsskrár m/v rekstrarformið „sjálfseignarstofnun“.
 - ii) Ljóst er að markmiði um að hið nýja fyrirkomulag taki gildi 1. jan. 2012 verður ekki náð. Nú er gert ráð fyrir að gildistakan verði 1. marz eða 1 apríl.
 - iii) Samhliða er unnið að fjárhagsáætlun vegna ársins 2012 og öðrum atriðum, er varða hið nýja fyrirkomulag.
 - iv) Reiknað er með að samkomulag náist fljótlega um hvernig staðið verði að auglýsingu á starfi framkvæmdastjóra fyrir hina nýju stofnun og tryggt verði að vinnuhópurinn um AST hafi fullt umboð til að ráða tímabundið til reynslu í 6 mánuði til starfsins. Stjórn hinnar nýju stofnunar fari síðan með ráðningarmál og allt sem fellur undir hennar starfssvið, þegar stofnfundur hefur farið fram. Stjórn SSA vill í þessu sambandi ítreka að fulltrúar hennar í verkefnastjórn AST (A.Sv. / SBS og VOH) hafa fullt og ótakmarkað umboð af hennar hálfu til að taka þátt í ráðningarferlinu. Í heildina tekið er gengið út frá að þeirra aðkoma taki mið af nýlegri samþykkt aðalfundar SSA.
 - v) Einnig var m.a. rætt um aðkomu „faghópa“ að stjórnun hinnar nýju stofnunar.
- c) Almenningsamgöngur á Austurlandi.
Farið var yfir stöðu mála v/ yfirtöku 1. jan. 2012 í framhaldi af ákvörðunum stjórnar SSA 22. nóv. s.l. M.a. kom fram að unnið er að því að fá formlegt samþykki þeirra sveitarfélaga á starfssvæði SSA, sem eru „útgerðarstaðir“ núverandi sérleyfishafa að þau verði aðilar að samkomulagi, sem tryggji a.m.k. sömu þjónustu og verið hefur, meðan unnið er að yfirtöku verkefnisins frá Vegagerðinni. SSA myndi ábyrgjast fjármagn á grundvelli samnings við Vegagerðina þar um, en hlutaðeigandi skrifstofur sveitarfélaga sæju um samskiptin við verktakana. Reiknað er með að fyrir liggi sem mest í endanlegu formi samningur um yfirtökuna og fjármögnun verkefnisins fyrir lok þessarar viku. Stjórn SSA og sveitarstjórnunum aðildarsveitarfélaga verður haldið upplýstum um framgang málsins.
- d) Héraðsskjalasafn Austurlands. Aðalfundarg. 25. nóv. 2011. Lögð fram til kynningar.

- e) Áform um skipan fulltrúa SSA í „vatnasvæðanefnd“. Frkvstj. hafði tekið saman minnisblað um viðbrögð annarra LHSS vegna málsins sem og upplýsingar frá Samb. ísl. sveitarfélaga.

Í svari Samb. ísl. sveitarfélaga kemur m.a. fram að óhjákvæmilegt sé að ríkið greiði að lágmarki þann kostnað sem hlýst af ferða- og dvalarkostnaði nefndarmanna í nefnd eins og þeirri, er hér um ræðir, sem getur í mörgum tilvikum numið háum fjárhæðum. Um sé að ræða verkefni sem ríkið hafi undirgengist á grundvelli EES-samningsins og með öllu sé óeðlilegt að kostnaði við framkvæmd þess sé velt yfir á tilnefningaraðila.

Þrjú LHSS (landshlutasamtök sveitarfélaga) hafa skipað í vatnasvæðanefndina.

FV skipaði í samráðshópin eftir að hafa fengið upplýsingar um að „snertifundum“ yrði haldið í lágmarki og leitast við að fá inn álit með greinargerðum (tölvupósti) eða annan slíkan hátt.

SSNV skipaði fulltrúa á vettvanginn með sama fyrirvara.

SSS skipaði fulltrúa með fyrirvara um kostnaðinn sem gæti hlotist að þessu verkefni.

Skýrt var tekið fram, að hann ætti að greiðast af hinu opinbera en ekki LHSS.

Í framhaldi af þessu var ákveðið að SSA tilnefndi fulltrúa með sama fyrirvara og að ofan greinir. Jafnframt undirstriki stjórn SSA, að litið sé svo á að komi til úttekta / gagnaöflunar í einstökum sveitarfélögum á starfssvæði SSA, sem ekki tilnefna sjálf fulltrúa, skuli hún vera innt af hendi á þeirra kostnað eða verkefnisins í heild.

Með vísan til framangreindra áherzluatriða var samþykkt samhljóða að tilnefna Andrés Skúlason, oddvita Djúpavogshrepps og varamann í stjórn SSA.

- f) Kynnisferð til Írlands nóv. / des. 2011. Ferðina fóru Stefanía G. Kristinsdóttir, verkefnisstjóri í AST verkefninu, Valdimar O. Hermannsson, stjórnarform. SSA og Stefán Bogi Sveinsson, varaform. stjórnar SSA. Um boðsferð var að ræða, og því ferða- og upphaldskostnaður greiddur úr svonefndum TAIEX – sjóði.

Fluttu VOH og SBS munnlega greinargerð um ferðina. Hana fóru framangreind í því skyni að kynna sér á hvern hátt blóðfrændur vorir, Írar, vinna að samstarfsverkefnum á svæðisbundna vísu sem og starfsemi sveitarfélaga og „landshlutasamtaka þeirra“, Fátt verður fært til bókar í þessari fundargerð, annað en það að menn munu hafa komizt að raun um, að ekki sé eins langt til Tipperary og ætla mætti með hliðsjón af þekktu sönglagi. Hópurinn mun taka saman skriflega greinargerð vegna ferðarinnar og verður hún m.a. send stjórn SSA og aðildarsveitarfélögum, þegar fyrir liggur.

2. Frá landshlutasamtökum sveitarfélaga (LHSS):

- a) SSNV; Stjórnarfundur 11. nóv. 2011. Fundarg. lögð fram til kynningar.

3. Erindi og bréf:

- a) Sveitarfél. Skagafjörður, 2. des. 2011. Varðar fiskveiðistjórnun. Lagt fram til kynn.

- b) IRR / Stefanía Traustadóttir.

Áframsent bréf 6. des. 2011 v/ kynningarfundar 16. jan. 2012 vegna „byggðastefnu“ ESB. Í erindinu er vakin athygli á að hægt er að fá ferða- og eftir atvikum upphaldskostnað greiddan, enda verði sótt um eigi síðar en 15. des. 2011.

Fulltr. SSA á fundinum verður að öllu óbreyttu Stefán Bogi Sveinsson og var frkvstj. falið að tilkynna það og jafnframt að sækja um ferða- / upphaldsstyrk.

4. Fyrirkomulag starfsemi SSA í upphafi árs 2012, sbr. áform um AST.

Formaður fór yfir málið, sbr. umfjöllun um lið 1 b) hér að framan. Fyrir liggur að frkvstj. er eingöngu ráðinn til loka árs 2011. Frkvstj. upplýsti að hann hefði, aðspurður af form. og varaform. SSA, opnað á þann möguleika – væri þess talin þörf – að vinna einhverjar vikur í upphafi árs 2012 skv. núverandi starfslýsingu sem e.k. „verkefnisstjóri“ svo lengi sem stjórn SSA óskaði. Breytingin yrði þó sú, að niður félli titillinn framkvæmdastjóri SSA. Jafnframt lækkuðu núverandi laun og yrðu frá og með 1. jan. 2012 í samræmi við laun verkefnisstjóra t.d. hjá ÞFA. Ekki þyrfti neinn uppsagnarfrest af sinni hálfu og þessari framlengingu (ef af yrði) fylgdu engar kvaðir af hálfu SSA. Samþykkt var samhljóða að fela form. í samráði við framkvæmdaráð SSA að ganga frá samningi við BHG á grundvelli ofangreinds.

5. Ákv. um laun stjórnar SSA frá 1. jan. 2012 sbr. vilja aðalf. SSA í þeim eignum.

Fyrir fundinum lágu útreikningar skrifstofu SSA á ákv. valkostum (óbr. eða valk. A, B og C). Umfjöllunin byggir á vilja, sem kom fram á aðalfundi SSA haustið 2011 í kjölfar innleggs formanns fjárhagsnefndar, sem vakti athygli á því að eðlilegt væri að hækka stjórnarlaun hjá SSA. Undir þessa skoðun tóku aðalfundurinn. Í framhaldinu hafa nokkrir kostir verið teknir til skoðunar og framkvæmdir útreikningar, sem sýna áhrif þriggja valkosta við hækkun á beinum stjórnarlaunum.

Miðað er við hlutfall af þingfararkaupi, sem er 545.480.- í dag:

Ákveðið var að frá og með 1. jan. 2012 verði launagreiðslur skv. valkosti C að því viðbættu að laun framkvæmdaráðs hækki úr 3 % í 6 % fyrir fund (stjórnarfundir meðt.). Laun annarra stjórnarmanna hækka skv. þessu úr 3 % í 4,5% fyrir fund og laun form. úr 6 % í 9% fastar mánaðargreiðslur. Ennfremur verður um upphaldsgreiðslur að ræða skv. ákv. fyrirkomulagi.

6. Skýrsla form. / varaform.

a) Frkvstj. óskaði eftir að staðfest yrði neðangr. breyting á skipan í heilbrigðisnefnd Austurlands (HAUST), sem byggir á ákv. hefð, en aðalfundur SSA kaus til fjögurra ára í nefndina í upphafi núverandi kjörtímabils sveitarstjórna:

Kristín Ágústsdóttir, fulltrúi náttúruverndarnefnda í HAUST, er flutt af landi brott tímabundið. Samkomulag hefur verið um að Fjarðabyggð tilnefndi fulltrúa náttúruverndarnefnda. Eiður Ragnarsson, sem hefur verið varamaður Kristínar, mun taka sæti Kristínar og Erlín Emma Jóhannsdóttir mun taka sæti varamanns.

Stjórn SSA staðfestir umrædda breytingu.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 14:40.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.